

## Fréttatilkynning

**Efni:** Könnun MMR á afstöðu Norðmanna til Icesave deilunnar

**Úrtak:** Þjóðarúrtak Norðmanna á aldrinum 18-74 ára


**Dagsetning:** 24. febrúar 2010

- **59% Norðmanna tóku afstöðu til mögulegra endurgreiðslna Íslendinga til Breta og Hollendinga vegna Icesave.**
- **Af þeim voru 33% sem töldu rétt að Íslendingum yrði gert að endurgreiða Bretum og Hollendingum að fullu.**
- **Harðari afstaða til Íslands í Noregi en í Svíþjóð.**

MMR kannaði afstöðu almennings í Noregi til kröfu Breta og Hollendinga á hendur íslenskum stjórnvöldum vegna Icesave skuldbindinganna. Séu niðurstöðurnar skoðaðar í heild kemur í ljós að 20% Norðmanna töldu rétt að Íslendingum yrði gert að endurgreiða Bretum og Hollendingum að fullu vegna útborgunar yfirvalda í þessum löndum til innistæðueigenda vegna gjaldþrota íslenskra banka. Þetta eru ríflega tvöfalt fleiri en sögðu Íslendinga eiga að bera fulla ábyrgð í málinu í sambærilegri könnun MMR meðal almennings í Svíþjóð þar sem fram kom að 9% Svía töldu að Íslendingum bæri að endurgreiða Bretum og Hollendingum að fullu.


Í könnuninni kom jafnramt fram að 13% Norðmanna svöruðu því til að Íslendingar ættu að neita að endurgreiða Bretum og Hollendingum og 27% Norðmanna töldu að kostnaður vegna útborgana til innistæðueigenda ætti að deilast milli landanna þriggja. 41% svarenda sögðust ekki hafa skoðun á málinu.

Afstaða til kröfu Breta og Hollendinga um endurgreiðslu  
allir svarendur (n=1014)



Séu niðurstöður skoðaðar eingöngu fyrir þá sem gáfu upp tiltekna afstöðu í málinu (sem voru 59% svarenda) kemur í ljós að 33% þeirra töldu að Íslendingum bæri einum að axla kostnaðinn vegna útborgunar til innistæðueigenda en 67% töldu annað hvort að deila bæri kostnaðinum milli landanna þriggja (45%) eða þá að Íslendingar ættu að neita að endurgreiða Bretum og Hollendingum (22%).

**Afstaða til kröfu Breta og Hollendinga um endurgreiðslu**  
 þeir sem gáfu upp afstöðu (n=602)



*Spurt var (þýðing úr norsku):*

„Bresk og hollensk stjórnvöld hafa krafist íslensk stjórnvöld um endurgreiðslu vegna kostnaðar sem þau hafa orðið fyrir vegna útborgunar til breskra og hollenskra innistæðueigenda í gjaldþrota íslenskum bönkum. Hvað af eftirfarandi lýsir best viðhorfi þínu til þessa málefnis?“

*Svarmöguleikar voru eftirfarandi:*

- Það ætti að láta Íslensk stjórnvöld endurgreiða Bretum og Hollendingum að fullu
- Það ætti að deila kostnaðinum milli landanna þriggja
- Íslensk stjórnvöld ættu að neita að endurgreiða Bretum og Hollendingum.
- Ég hef enga skoðun á þessu málefni
- Vil ekki svara

Samtals tóku 97% afstöðu til spurningarinnar (þ.e. svöruðu öðru til en „vil ekki svara“).

**Upplýsingar um framkvæmd:**

Úrtak: Þjóðarúrtak Norðmanna á aldrinum 18-74 ára (kvótastýrt fyrir kyn, aldur og búsetu).

Könnunaraðferð: Netkönnun (póstföngum svarenda aflað fyrirfram).

Fjöldi þátttakenda: 1033 einstaklingar

Dagsetning framkvæmdar: 11.- 15. febrúar 2010

Nánari upplýsingar veitir: Ólafur Þór Gylfason (olafur@mmr.is).

Notkun heimil svo lengi sem heimilda (vörumerkis MMR) er getið.

Allur réttur áskilinn: 2006 © Markaðs- og miðlarannsóknir ehf.

MMR starfar samkvæmt siðareglum ESOMAR, alþjóðasamtökum markaðsrannsóknafyrirtækja.